

Málfundir um öryggismál sjómanna

Akureyri

Fundur haldinn 12. nóvember kl. 20:00 hjá Súlum - Bjögunarsveitinni á Akureyri. Fundarstjóri var Árni Bjarnason formaður FFSÍ.

Staðkunnugur einstaklingur:

Páll Steingrímsson stýrimaður.

Umræður

Bjögunartæki Landhelgisgæslunnar

Umræða var um þyrlukost Landhelgisgæslunnar. Bent var á að mikil umræða hafi verið í gangi um Landhelgisgæsluna og að menn verði að kalla eftir því að stjórnvöld skilgreini starfsemi hennar til langstíma í stað þess að láta reka á reiðanum. Fram kom að á fundi í flugskýli Landhelgisgæslunnar sagðist Björn Bjarnason núverandi dómsmálaráðherra hafa sérstakan áhuga á öryggismálum sjómanna þannig að það ætti að bera til bóta fyrir málaflokkinn að hann tók við dómsmálaráðuneytinu.

Spurt var um samninga um björgunaraðgerðir milli Landhelgisgæslunnar og Varnaliðsins og hvort ekki væri kominn tími til að kaupa nýja þyrlu. Einnig var spurt hvort ekki þurfi að stokka málið upp og að vekja athygli stjórnvalda á þörfinni. Fram kom að tími sé til kominn að endurnýja Sif en það þurfi að skoða allt málið í heild sinni og að margir aðilar þurfi að halda vökunni í þessum málum.

Bjögunarmál almennt

Bent var á að samkvæmt verklagsreglum leitarkerfa sem notuð eru þá má ekki taka hluti t.d. bjarghring eða brak úr sjó við leit. Heldur skal mæla staðsetningu og upplýsa leitarstjórn um hana. Þannig er hægt að fá upplýsingar um rek.

Neyðarsendingar og fjarskiptamál

Umræða var um beiðni skipstjórnenda um neyðaraðstoð í síma í stað VHF. Fram kom að nota á VHF rás 16 þegar neyðarkall er sent.

Menntun og þjálfun sjómanna

Sagt var að Slysavarnaskóli sjómanna hafi verið mikil hvatning fyrir sjómenn varðandi öryggismál í skipum. Reynslusaga var sögð úr skipi sem gert var út frá Akureyri þar sem notaður var gátlisti við reglulega skoðun áhafnar á björgunarbúnaði. Þar unnu menn úr áhöfninni tveir og tveir saman við að athuga öryggisatriði í byrjun veiðiferða. Verkefnum var "róterað" eða skipt þannig að allir lentu með tímanum í að skoða alla þætti um borð.

Eftirlit með skipum/skipaskoðun

Mikil umræða var um skipaskoðunina og sérstaklega um færslu á henni til einkaaðila. Bent var á að mjög margir aðilar telji að breytingin verði ekki til bóta. Fram kom að breytingin á skipaskoðuninni væri pólitísk ákvörðun tekin af ríkisstjórninni og hún muni trúlega ekki taka til baka þessa ákvörðun sama hversu góð rökin væru fyrir því. Fram kom að menn væru almennt sáttir við skoðanakerfið eins og það er í dag þar sem það hefur batnað mikið frá því sem áður var og skilja menn því ekki afhverju verið er að breyta þessu. Ljóst virðist vera að fortíðarsaga skipaskoðunarinnar hafi áhrif á að farið er út í þessar breytingar. Fram kom að grunnhugmyndin að

breytingum á skipaskoðuninni hafi verið að einfalda skoðunarferlin og auka skilvirkni með samvinnu skoðunaraðila s.s. Siglingastofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar.

Spurt var um þá ákvörðun að hafa ekki umdæmisskrifstofu á Akureyri. Fram kom að Siglingastofnun ráði engu um það heldur er það í rauninni pólitískt mál. Fullyrt var að það hafi átt að leggja niður öll umdæmi en að þá hafi menn farið af stað í ráðuneytin sem varð til þess að ráðherrar gáfu undan sumum og umdæmin á Ísafirði og á Austurlandi voru ekki lögð niður. Bent var á að það hefur ýmis vandamál í för með sér vegna fjarlægða milli staða sérstaklega þegar færð er slæm.

Bent var á að reikningar vegna lestarskoðana hjá skoðunarstofu hafa stórhækkað og að skoðunargjöldin muni einnig örugglega hækka mikið hjá einkaaðilum.

Fram kom að siglingaráð hefur samhljóma lýst yfir andstöðu gegn breytingunni.

Spurt var hvort skoðunin væri nógu góð hér á landi og var bent á tvö dæmi um flöggun skipa til Þýskalands, þar sem skip voru talin vera í góðu lagi hér en annað skipið fékk 150 athugasemdir og hitt 300 athugasemdir við skoðun í Þýskalandi.

Fram kom að skýring á þessu getur verið vegna mismunandi áherslna í skoðunum eftir því hvort um er að ræða upphafsskoðun eða aðalskoðun. Í upphafsskoðun er allt tekið í gegn. Öll skip sem tekin eru inn á íslenska skipaskrá fara í upphafsskoðun og þá eru alltaf miklu fleiri athugasemdir en í aðalskoðuninni.

Annað

Fram kom að öryggismál sjómanna væru eilífðarmál og að þau þurfi að vera stöðugt í skoðun. Margt gott hefur verið gert en við þurfum að gera betur. Allir eru sammála því að náttúruöflin hafa mikil áhrif á líf og störf sjómanna og að bera þurfi virðingu fyrir þeim.

Umræða var um áhættumat og öryggisfulltrúa í skipum. Sagt var að menn fari almennt ekki eftir óformlegum vinnureglum sem settar eru í skipum og því lítið gagn af því að hafa þær skriflegar. Fram kom að sjómenn þurfi að temja sér öguð vinnubrögð óháð því hvort reglur séu settar eða ekki.

Gagnrýni kom á færslu lögskráningar frá skráningarstofu til sýslumanns. Sagt var að allt hafi verið í ólestri með skráningar hjá sýslumanni. Fram kom að vandamál hafi komið upp í lögskráningarkerfinu en frá 1. okt. 2003 er ekki hægt að tvískrá menn í því.

Rætt var um slyshættu almennt. Bent var á rannsókn sem gefur til kynna áhættuhegðun sjómanna t.d. mikinn fjölda dauðaslysa sjómanna í umferðinni. Einnig var bent á að tímaklukkan sjómanns sem kemur í land eftir langa útiveru væri örugglega vitlaus í honum. Varðandi fjölda slysa eftir aðgerð skips var bent á nýlegt dæmi um að eina slysið í einni veiðiferð skips hafi verið þegar skipið var á siglingu og að ástæðan gæti verið að hreyfing skipsins er öðruvísi á siglingu en á veiðum.

Fram kom tillaga þess efnis að settur verði upp gagnabanki fyrir upplýsingamiðlun um öryggismál milli sjómanna.